



HÉRAÐSSAKSÓKNARI

KB/

Reykjavík 29. maí 2017

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis hefur sent héraðssaksóknara til umsagnar frumvarp til laga um almenn hegningarlög (kynferðisbrot), 419. mál.

Fram kemur í greinagerð með frumvarpinu að tilgangur breytingarinnar sé að samþykki verði í forgrunni þegar kemur að skilgreiningu á nauðgun. Þá leggi flutningsmenn áherslu á þau almennu varnaðaráhrif sem slíkri breytingu fylgi og muni leiða til þess að eintaklingar yrðu líklegri til að vera meðvitaðri um mikilvægi þess að fá samþykki fyrir þátttöku í kynferðislegri athöfn. Undir þessi sjónarmið getur héraðssaksóknari tekið. Þá er frumvarpið vel rökstutt með vísan í innlendar rannsóknir og alþjóðasamninga sem Íslands er aðili að auk dómaframkvæmdar mannréttindadómstóls Evrópu. Fallast má á að með frumvarpinu sé tekin af allur vafi um að sú háttsemi að hafa samfarir eða önnur kynferðismök við eintakling sem ekki tekur virkan þátt í hinni kynferðislegu athöfn eða sýnir algjört athafnaleysi, falli undir skilgreiningu nauðgunar. Þá er til bóta að ákvæðið tiltekur að samþykki sem fengið er með blekkingum eða það að hagnýta sér villu viðkomandi um aðstæður sé ekki gilt.

Það má hins vegar benda á að það eru skiptar skoðanir um það hvort sú nálgun að byggja á skorti á samþykki í stað verknaðarlýsingar þegar kemur að skilgreiningu á nauðgun sé rétt. Til dæmis hefur lögfræðingurinn og fræðimaðurinn Catherine Mackinnon gagnrýnt löggjöf sem byggir á skorti á samþykki þar sem hún telur að áherslan sé þá í of miklu mæli á háttsemi brotþola, hvað brotþoli gerði eða gerði ekki, í stað þess að leggja áherslu á háttsemi sakbornings. Þá hefur verið nokkur umræða bæði í Svíþjóð (líkt og bent er á í greinagerð) og Danmörku um hvort rétt sé að gera sambærilegar breytingar á löggjöf þeirra ríkja um nauðgun og þá byggja á skorti á samþykki. Enn hafa þó ekki verið gerðar breytingar í þessa átt á löggjöf ríkjanna svo héraðssaksóknari viti til. Hugsanlega er rétt að áður en ráðist er í grundvallarbreytingar sem þessa að kalla eftir umsögn refsiréttarnefndar hafi það ekki þegar verið gert.

Kolbrún Benediktsdóttir
varahéraðssaksóknari

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
nefndasvid@althingi.is

29. maí 2017
Hallveigarstöðum, Reykjavík

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum (kynferðisbrot). Þingskjal 552 — 419. mál.

Kvenréttindafélag Íslands fagnar því að fyrir Alþingi liggur frumvarp um breytingu á almennum hegningarlögum varðandi kynferðisbrot. Tímabært er að endurskoða lög um kynferðisbrot og skapa þannig umræður um eðli þessara brota. Sú staðreynd að aðeins lítill hluti kynferðisbrota er tilkynntur (skv. skýrslu félagsmálaráðuneytis frá 2010 „Rannsókn á ofbeldi gegn konum“¹) og enn minni hluti þeirra leiðir til ákæru og sakfellingar (sjá bækling Stígamóta 2012 „Um nauðganir“²) gefur tilefni til þess að skoða málaflokkinn rækilega, bæði lagaákvæðin sem gilda um kynferðisbrot og einnig hvernig staðið er að rannsókn og saksókn mála.

Kvenréttindafélagið fagnar þeirri áherslu á kynfrelsi og sjálfsákvörðunarrétt varðandi kynlíf, líkama og tilfinningalíf sem kemur fram í frumvarpinu. Sá réttur er ríkur og áhersla á slíkt í löggjöf um kynferðisbrot er jákvæð. Kvenréttindafélagið tekur undir þau sjónarmið sem lýst er í greinargerð með frumvarpinu að áhersla á samþykki eða skort á því gæti breytt viðhorfum til kynferðisbrota og haft áhrif á umræðu um kynlíf almennt meðal fólks, ekki síst ungs fólks. Mikilvægt er að ákvæði um kynferðisbrot endurspegli viðhorf og réttarvitund almennings. Kvenréttindafélagið leggur einnig mikla áherslu á fræðslu og telur að fræðsla sé meðal áhrifaríkustu forvarna gegn kynferðisbrotum.


Mikilvægt er að taka inn í umræðuna um lagabreytingar rannsóknir fræðafólks á kynferðisbrotum eins og gert er í þessu frumvarpi, þar sem tekið er tillit til algengra viðbragða þolenda.

Í löggjöf ríkja eru almennt tvær tegundir af kynferðisbrotaákvæðum. Annað hvort er byggt á skorti á samþykki, eins og gert er í engilsaxneskum rétti, eða byggt er á verknáðaraðferðinni, ofbeldi eða hótun um ofbeldi, eins og gert hefur verið í okkar löggjöf og víða í Evrópu. Með þessu frumvarpi er lagt til að áherslan hér verði skortur á samþykki. Jákvætt er að gerð sé tilraun til þess að skilgreina hvernig samþykki er gefið, þ.e. með frjálsum vilja, og að ekki sé hægt að fá það fram með ofbeldi eða hótun um ofbeldi. Félagið lýsir þó ákveðnum áhyggjum að hætta sé á því að rannsókn og saksókn brota á grundvelli þessa nýja nauðgunarákvæðis fari að snúa enn meira að því hvað brotaþoli gerði, sagði o.s.frv. Um þessi sjónarmið var fjallað við lagabreytingar sem gerðar voru á kynferðisbrotakaflanum árið 2007, og vísað er til þeirra í frumvarpinu. Kvenréttindafélagið fagnar þó fram komnum hugmyndum um breytingar á nauðgunarákvæðinu og kallar eftir því að fram fari umræða á breiðum grundvelli, með aðkomu fræðimanna og grasrótar, áður en tekin er ákvörðun um breytingar.

Það er tekið fram í frumvarpinu að ekki sé lagt til að breyta skuli huglægum skilyrðum nauðgunarbrot. Þannig að ásetningur verður áfram saknæmisskilyrði og ekki er lagt til að refsað verði fyrir gáleysisbrot. Kvenréttindafélagið hvetur til þess að skoðað verði hvernig það hefur gefist í öðrum löndum að gera gáleysi refsivert.

Kvenréttindafélagið bendir einnig á þróun í kynferðisbrotamálum sem hefur orðið á undanförunum árum og áratugum á alþjóðavettvangi, og knúin hefur verið áfram af dómum alþjóðlegra stríðsglæpadómstóla vegna Rwanda og Júgóslavíu. Í dómum sem fallið hafa (sá fyrsti var Akayesu málið, nr. ICTR-96-4-T^{***}) er hvorki stuðst við samþykkisskilgreiningu né gerð krafa um ofbeldi eða hótun um ofbeldi. Í stuttu máli er nauðgun skilgreind sem kynferðisleg innrás í þvingandi aðstæðum. Þvingunin getur verið sálfræðileg, efnahagsleg eða misnotkun á trausti. Gengið er út frá því að kynlíf sé almennt gagnkvæmt, og að skortur á gagnkvæmni leiði til þess að um nauðgun sé að ræða. Kvenréttindafélagið tekur ekki afstöðu til þess hvort rétt sé að fara þessa leið í skilgreiningu á nauðgun í íslenskum rétti, en telur þó að þessi sjónarmið eigi heima í umræðu um nýja kynferðisbrotalöggjöf.

Kvenréttindafélagið telur að umræða og endurskoðun á þessum lögum sé góð, en að lengra þurfi að ganga til þess að lögin virki með þeim hætti sem flutningsmenn frumvarpsins vilja.



Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir
framkvæmdastýra Kvenréttindafélags Íslands

* Elisabet Karlsdóttir og Ásdís A. Arnalds. „Rannsókn á ofbeldi gegn konum: Reynsla kvenna á aldrinum 18–80 ára á Íslandi“. Reykjavík: Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd og Félags- og tryggingamálaráðuneytið, 2010. Sótt af:

https://www.velferdarraduneyti.is/media/ritogskvyrslur2011/26012011_Ofbeldi_a_konum.pdf.

** Guðrún Jónsdóttir. „Um nauðganir: afleiðingar, málsmeðferð, Stígamót. Reykjavík: Stígamót, 2012. Sótt af: https://www.stigamot.is/static/files/baeklingar/um_naudganir_vefutgafa.pdf.

*** The Prosecutor versus Jean-Paul Akayesu (dómur), ICTR-96-4-T, International Criminal Tribunal for Rwanda (ICTR), 2. september 1998. Sótt af: www.un.org/en/preventgenocide/rwanda/pdf/AKAYESU%20-%20JUDGEMENT.pdf.

Nefndarsvið Alþingis
b.t. Allsherjar- og menntamálanefndar
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 31. maí 2017

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um almenn hegningarlög, 419. mál

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis hefur sent Neyðarmóttöku vegna kynferðisofbeldis (NM) til umsagnar frumvarp til laga um almenn hegningarlög, 419. mál.

Neyðarmóttakan fagnar tillögu um að samþykki verði í forgrunni skilgreiningar á nauðgunarákvæði 1.mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Telur NM að í raun sé ekki um efnisbreytingu að ræða frá núgildandi ákvæði þar sem skortur á samþykki brotþola fyrir kynferðismökum er nú þegar refsiverð sbr. greinargerð með lögum nr. 61/2007 og hefur verið frá árinu 2007. Hins vegar verði að telja orðalagsbreytingu um að samþykki sé nauðsynlegt, skýrara ákvæði og þá í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru til skýrleika refsheimilda í 1. mgr. 69.gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944. Skýrara ákvæði hefur varnaðaráhrif en er ekki síður mikilvægt fyrir brotþola sem oft vilja ekki kæra háttsemi geranda vegna þess að þeir eru ekki vissir um réttarstöðu sína og telja líklegra en ella að málin fái ekki framgang vegna m.a. skorts á áverkum, vitnum og öðrum sönnunargögnum, s.s. atriða sem oft skortir í brotum af þessu tagi. Áhersla á verknaðarlýsingu nauðgunarákvæðisins er hindrun fyrir marga skjólstæðinga NM og hafa verið tekin saman viðbrögð brotþola við nauðgun sem útskýra hvers vegna lítill hvati er oft til að kæra mál.

Tekið var saman viðbrögð brotþola við árás í rannsókn Agnesar Gísladóttur (Tíðni og einkenni kynferðisofbeldis gegn konum sem leituðu á Neyðarmóttöku LSH á árunum 1998-2007). Kemur þar í ljós að mjög margir brotþolar reyna að verja sig með orðum eða tala geranda til. Flestar meta frekari andspyrnu þannig að þær hljóti verra af að berjast á móti og segja langoftast að þær hafa ekki líkamsburði til þess heldur. Þrátt fyrir þessi varnarviðbrögð var það ekki metið brotþola í hag í málsmeðferð þegar mál voru kærð fyrir gildistöku laga nr. 61/2007.

Viðbrögð við árás		
Fraus	149	12,6%
Barðist líkamlega á móti	352	29,7%
Barðist á móti með orðum/reynði að tala til	349	29,4%


Hafa verður í huga að hluti þolenda sem ekki reynir að verjast getur það ekki sökum skerts vitundarástands vegna áfengis- og/eða vímuefnaneyslu. Brotþolar upplifa að þeim verði ekki trúað, orð er gegn orði og þeirra frásögn ekki tekin gild og um 47% tilfella hafa t.d. brotþolar sem leita til NM verið þolendur áfengistengds kynferðislegs ofbeldis.

Í umfjöllun nágrannalanda okkar, um að samþykki sé í forgrunni skilgreiningar á nauðgunarákvæðum, hafa verið uppi ákveðnar áhyggjur af því að breytt ákvæði muni leiða til þess að rannsókn mála vegna brota á 1.mgr. 194. gr. muni færa meginandlag rannsóknar af háttsemi geranda yfir á háttsemi brotþola og hvernig hann brást við, með hvaða hætti hann veitti ekki samþykki sitt. Sams konar umfjöllun átti sér stað fyrir setningu laga nr. 61/2007. Af því að skortur á samþykki brotþola fyrir kynferðismökum hefur verið refsiverð skv. núgildandi lögum frá árinu 2007, þá telja forsvarsmenn NM ekki ástæðu til að ætla að mikil breyting verði á rannsókn og saksókn brota vegna 1.mgr. 194.gr. verði tillagan samþykkt.


Við teljum rétt að hvetja til samþykkis frumvarpsins en jafnhliða að áður en ráðist verði í breytingar þurfi að fara fram frekari umræða og áhersla á mikilvægi friðhelgis, sjálfsákvörðunarréttar og kynfrelsis einstaklinga þannig að skilningur almenninga á hugtakinu nauðgun haldist í hendur við fyrirhugaða breytingu.

Virðingarfyllst.

F.h Neyðarmóttöku vegna kynferðisofbeldis.



Inga Lillý Brynjólfsson, hdl.



Eyvín B. Jónsdóttir, f.v. Verkefnisstjóri NM.



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi, nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 22. maí 2017.

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um almenn hegningarlög, (kynferðisbrot), 146. löggjafarþing 2016 -17, þingskjal nr. 552- 419. mál.

Mannréttindaskrifstofu Íslands (MRSÍ) hefur borist ofangreint frumvarp til umsagnar og tekur heilshugar undir efni þess.

Í greinargerð með frumvarpinu er m.a. vísað til sammings Evrópuráðsins um forvarnir og varnir gegn ofbeldi gegn konum og heimilisofbeldi (Istanbulsamningurinn). Í ákvæði 36. gr. sammingsins sem tekur til nauðgunar, er mælt fyrir um að í refsilöggjöf um nauðgun skuli fyrst og fremst líta til þess hvort samþykki viðkomandi liggja fyrir en ekki hvaða verknaðaraðferðum var beitt. Endurspeglar ákvæðið niðurstöðu Mannréttindadómstóls Evrópu í málinu M.C. gegn Búlgaríu, eins og vísað er til í greinargerðinni, en þar segir að löggjöf um nauðgun þar sem ofuráhersla eða höfuðáhersla er lögð á verknaðaraðferðir fremur en hvort samþykki brotþola hafi legið fyrir, brjóti gegn ákvæðum Mannréttindasáttmála Evrópu. Er það því jafnt álit Mannréttindadómstólsins sem og útgangspunktur í Istanbulsamningnum að það sé ekki valdbeitingin heldur skortur á samþykki sem sýni fram á nauðgun.

Í ljósi þess er að framan greinir er að mati MRSÍ nauðsynlegt að breyta 194. gr. hegningarlaga til samræmis við Istanbulsamninginn og dómaframkvæmd Mannréttindadómstóls Evrópu. Því til viðbótar sem fram er komið skal bent á skýrslu starfshóps ríkissaksóknara um meðferð nauðgunarmála en þar segir m.a. orðrétt:

„Þá háttaði svo til í mörgum málum sem voru kærð að lýsingar kæranda eða önnur atvik gerðu að verkum að ekki var hægt að sýna fram á að verknaðarlýsingu hegningarlagaákvæða um kynferðisbrot væri fullnægt, s.s. um ofbeldi, hótun, nauðung eða misneytingu.“

Ljóst er að í íslenskum rétti er enn fyrst og fremst litið til verknaðaraðferða fremur en þess hvort samþykki brotþola hafi legið fyrir. Þungamiðjan í skilgreiningum á kynferðisbrotum ætti hins vegar að vera hvort kynfrelsi, athafnafrelsi og sjálfsákvörðunarréttur brotþola hafi verið virt. Meðan engin breyting verður á núverandi fyrirkomulagi verður ekki séð að ákvæði



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Istanbulsamningsins séu uppfyllt sem er forsenda þess að samningurinn geti talist fullgiltur af Íslands hálfu.

Virðingarfyllt,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri

RÍKISSAKSÓKNARI

SJF/

Reykjavík, 29. maí 2017

Tilvísun ríkissaksóknara: 201705-0202

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis hefur sent ríkissaksóknara til umsagnar frumvarp til laga um almenn hegningarlög (kynferðisbrot), 419. mál.

Ríkissaksóknari tekur undir það meginsjónarmið frumvarpsins að mikilvægt sé að samþykki verði í forgrunni við skilgreiningu á nauðgun og því sé rétt að orða það skýrlega í ákvæði 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga. Ríkissaksóknari lítur raunar svo á að skortur á samþykki brotþola til kynferðismaka hafi frá gildistöku laga nr. 61/2007 leitt til þess að um nauðgun væri að ræða, enda kemur það fram í greinargerð með frumvarpinu sem varð að þeim lögum.

Breyting á efnisinntaki ákvæðisins er ekki mikil frá því sem nú er, þar sem skilgreiningin á samþykki er að mestu bundin við verknaðaraðferðina sem nú þegar er í ákvæðinu. Þó er til viðbótar sett þar inn að samþykki teljist ekki liggja fyrir ef það er fengið með því að beita blekkingum eða hagnýta sér villu viðkomandi um aðstæður. Ríkissaksóknari telur þessa viðbót mjög æskilega, en með lögum nr. 61/2007 var felld út úr almennum hegningarlögum þágildandi ákvæði 199. gr. sem gerði það refsivert að hafa kynferðismök við mann með því að notfæra sér villu hans eða beita hann blekkingum. Í kjölfarið hafa komið upp kynferðisbrotamál þar sem rétt hefði verið að beita slíku ákvæði.

Ætla má að með þessari breytingu muni íslensk refsilög um nauðgun verða í enn betra samræmi við samning Evrópuráðsins um forvarnir og varnir gegn ofbeldi gegn konum og heimilisofbeldi (Istanbulsamninginn) og þau sjónarmið sem Mannréttindadómstóll Evrópu hefur sett fram í þessu efni, sbr. dómur í máli M.C. gegn Búlgaríu, þar sem áherslan er á samþykki brotþola.

Að öllu virtu telur ríkissaksóknari rétt að samþykkja frumvarpið.


Sigríður J. Fljónsdóttir
ríkissaksóknari



nefundasvid@althingi.is



SAMTÖK UM KVENNAATHVARF



Nefndarsvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 29. maí 2017

Efni: Umsögn Samtaka um kvennaathvarf um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum (kynferðisbrot), 419. mál, lp. 146.

Samtök um kvennaathvarf fagna því heilshugar að fram sé komið frumvarp til breytinga á almennum hegningarlögum sem lögfestir 36. gr. samnings Evrópuráðsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi gegn konum og heimilisofbeldi (Istanbul- samningurinn). Þar sem kveðið er á um að sú háttsemi að eiga samfarir og aðrar kynferðislegar athafnir við aðra manneskju án samþykkis sé refsivert og að samþykki þurfi að vera veitt af fúsum og frjálsum vilja.

Lykilatriði er að samþykki aðila liggi fyrir kynferðislegum athöfnum og að það sé veitt án allra þvingana. Allar kynferðisathafnir við aðra manneskju verða þannig refsiverðar ef samþykki liggur ekki fyrir. Með fyrirhugaðri breytingu á 194. gr. almennra hegningarlaga verður samþykki framvegis í forgrunni við skilgreiningu nauðgunar. Með þessari breytingu verður ábyrgð kynferðisbrota færð frá þólandum til gerenda.

Endurspeglar ákvæðið niðurstöðu mannréttindadómstóls Evrópu í máli M.C. gegn Búlgaríu. Þar komst dómstóllinn m.a. að þeirri niðurstöðu að 3. gr. og 8. gr. mannréttindasáttmálans settu ríkjum þau skilyrði að ákært og refsað skyldi fyrir kynferðisbrot þar sem samþykki lægi ekki fyrir, þrátt fyrir að þólandi veiti ekki virka mótspyrnu gegn brotinu.

Samtök um kvennaathvarf telja frumvarpið mikilvægt skref í átt til aukins kynfrelsis og sjálfsákvörðunarréttis einstaklinga og vonandi verður ákvæðið mikil réttarbót við rannsókn og saksókn í þessum erfiða málaflokki.

Samtök um kvennaathvarf hvetja þingmenn til þess að samþykkja frumvarpið.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka um kvennaathvarf

Sigríður Guðmundsd.

Ewa Dąb'Asud kn'thind. hdl.



Alþingi, nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 29. maí 2017

Efni: Umsögn Stígamóta um frumvarp til laga um almenn hegningarlög, (kynferðisbrot), 146. löggjafarþing 2016 -17, þingskjal nr. 552- 419. mál.

Stígamót lýsa yfir ánægju sinni með framkomið frumvarp. Lagabreytingin er í samræmi við Istanbúlsamning Evrópuráðsins sem Ísland hefur undirritað, en enn ekki fullgilt. Í 36. grein sáttmálans er gert ráð fyrir að samþykki með fúsum og frjálsum vilja sé grundvöllur nauðgunarákvæða í lögum aðildarríkjanna.

Það samræmist einnig áherslum Stígamóta á kynfrelsi og að samþykki þurfi að liggja fyrir í öllu kynlífi.

Núverandi orðalag refsíákvæða 194. gr. hegningarlaga hefur ekki endurspeglað þá réttarþróun sem orðið hefur samhliða aukinni þekkingu og skilningi á mannréttindum. Sama á við um rannsóknir, sönnunarmat, ákæru og dóma í þessum málaflokki. Með núverandi refsilöggjöf er kynfrelsi skert en það brýtur í bága við 71. gr. Stjórnarskrárinnar sem varðar friðhelgi einkalífsins. Friðhelgi einkalífsins nær yfir ýmis mannréttindi sem varin eru af Stjórnarskrá Íslands og Mannréttindasáttmála Evrópu sem Ísland er aðili að. Mikilvægustu einkalífsréttindin er réttur hvers manns til lífs og að ráða yfir eigin líkama og sálarlífi. Að sama skapi tengist kynfrelsi réttinum til frelsis, mannhelgi og að ráða yfir eigin líkama.


Kynferðisofbeldi einkennist af því að kynferðislegum athöfnum er beitt gegn vilja þess sem fyrir ofbeldinu verður og veldur skaða. Konur hafa á grundvelli reynslu sinnar skilgreint nauðgun sem kynferðisofbeldi karla þar sem sjálfsákvörðunarréttur kvenna er virtur að vettugi og réttur þeirra til sjálfstjórnar er brotinn á bak aftur. Þungamiðja laganna á verknaðarlýsingu nauðgunarákvæðisins gerir það að verkum að þær konur sem berjast ekki kröftuglega á móti þannig að augljósir áverkar séu til staðar, hafa lítinn hvata til að kæra. Ef brotið miðar ekki að þeim lýsingum sem þar standa, fellur kæran yfirleitt niður.

Ef lögin gera valdbeitingu að forsendu fyrir nauðgun, þá verður mótspyrna einnig óhjákvæmileg forsenda.

Á síðasta ári kortlögðu Stígamót í fyrsta skipti viðbrögð brotþola við nauðgun. Meirihluti þeirra greindu frá að þeir hafi frosið eða fannst líkami sinn lamast eða 57.7%. Einnig kom fram að 43.2% þeirra sem beittir voru nauðgun gerðu ekkert eða þóttust vera sofandi.



Viðbrögð við nauðgun geta verið margs konar. Einstaklingar geta frosið, reynt að flýja eða barist á móti. Allt eru þetta viðbrögð sem geta hjálpað fólki að lifa af erfiðar aðstæður. Á Stígamótum lítum við svo að það að frjósa eða gera ekki neitt séu eðlileg viðbrögð við kynferðisofbeldi líkt og það að flýja eða berjast á móti. Stundum er besta leiðin til að lifa af að gera ekki neitt eða frjósa. Öll viðbrögð við kynferðisofbeldi eru eðlileg viðbrögð við óeðlilegum aðstæðum. Núverandi löggjöf endurspeglar ekki þessa vitneskju og því þarf að breyta.



Viðbrögð brotaþola við nauðgunum – Stígamót 2016.

Í skýrslu starfshóps Ríkissaksóknara um meðferð nauðgunarmála kemur fram að lögregla hafi í allmörgum málum haft afskipti af ungum konum sem óskuðu eftir að komast á Neyðarmóttöku, en vildu ekki leggja fram kærú. Í skýrslunni segir orðrétt: *Þá háttaði svo til í mörgum málum sem voru kærð að lýsingar kærenda eða önnur atvik gerðu að verkum að ekki var hægt að sýna fram á að verknaðarlýsingu hegningarlagaákvæða um kynferðisbrot væri fullnægt, s.s. um ofbeldi, hótun, nauðung eða misneytingu (Ríkissaksóknari 2002, s. 10).*

Löggjöfin ætti að taka mið af þeim hagsmunum sem raunverulega er brotið gegn þegar þessi brot eru framin, þ.e. kynfrelsi, athafnafrelsi og sjálfsákvörðunarrétti þolenda. Verknaðaraðferðin ætti því að vera aukaatriði en ekki þungamiðja í skilgreiningum á kynferðisbrotum. Samþykki er því grundvallarforsenda fyrir kynfrelsi einstaklingsins.

Stígamót hvetja þingheim til þess að samþykkja frumvarpið sem sýnir skilning og þekkingu á kynferðisofbeldi.